



**Lánasjóður sveitarfélaga ohf.**

**VIÐAUKI**

við grunnlýsingu LSS150224

dagsett 24. apríl 2013

Skuldabréfaútgáfa september 2013

**LSS150224**

## 1 ÁBYRGIR AÐILAR

### 1.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

### 1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu dagsett 24. apríl 2013 hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa lánasjóðsins í flokki LSS150224 til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.


Reykjavík, 23. september 2013  
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fyrir hönd stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.



Magnús B. Jónsson  
stjórnarformaður

Fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.



Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri

## 2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu LSS150224 dagsett 24. apríl 2013 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta nýjum upplýsingum, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, vegna árs hlutareiknings lánasjóðsins sem birtur var 22. ágúst 2013. Þessi viðauki er dagsettur 23. september 2013.

Viðbót við grunnlýsingu LSS150224 er árs hlutareikningur lánasjóðsins fyrir árið 2013.

Helstu atriði árs hlutareiknings ársins 2013 má sjá í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, sem hljóðar svo:

### **Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra**

*Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.*

### **Lánveitingar og lántökur**

*Útborguð langtímalán á tímabilinu námu 7.311 milljónum króna samanborið við 3.765 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.*

*Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sveitarfélög hafa heimild í lögum til að veita sjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum. Í árslok voru 99% útlána sjóðsins til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með slíkt veð. Vanskil við undirritun þessa ársreiknings voru engin.*

*Á tímabilinu fóru fram skuldabréfaútböð á innlendum skuldabréfamarkaði til að afla fjár til endurlána að fjárhæð samtals 5.436 milljónir króna. Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lánasjóðurinn var með skiptiútböð á tímabilinu þar sem bréfum í flokki LSS 0801 að nafnvirði 3.760 milljónum króna var skipt út fyrir bréf í flokki LSS 34 að nafnvirði 4.038 milljónir króna. Einnig greiddu lántakendur sjóðsins upp lán fyrir gjalddaga að andvirði 162 milljónir króna á tímabilinu.*

### **Afkoma og efnahagur**

*Hagnaður tímabilsins nam 420 milljónum króna samanborið við 430 milljónir króna á sama tíma árið 2012.*

*Heildareignir sjóðsins í lok tímabilsins voru 73.996 milljónir króna á móti 70.212 milljónum króna í árslok 2012. Útlán sjóðsins námu 65.530 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 60.542 í árslok 2012. Eigið fé nam 15.482 milljónum króna á móti 15.470 milljónum króna í árslok 2012 og hefur aukist um 0,1% á tímabilinu.*

*Vegið eiginfjárhlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 64% og stendur í stað frá árslokum 2012.*

Hluthafar sjóðsins eru 74 talsins en hann er í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut.

Í apríl síðastliðnum greiddi sjóðurinn út arð sem nam 50% af hagnaði ársins 2012 og nam 408 milljónir króna. Vísad er til árhlutareiknings um aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

#### **Stjórnunarhættir**

Stjórn lánasjóðsins leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2008. Í mars á þessu ári veitti Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti Lánasjóðnum viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verkefni eru skilgreind. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um boðun stjórnarfundra, lögmati ályktana, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður og hagsmunatengsl, verksvið gagnvart framkvæmdastjóra og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins ([www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is)). Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og hittir endurskoðendur reglulega auk þess sem stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd til að vera sér innan handar varðandi eftirlit með vinnuferlum reikningsskila, áhættustýringar og innra eftirlits.

Á fyrri hluta árs 2013 voru haldnir 6 stjórnarfundir og 2 fundir í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og meirihluti endurskoðunarnefndar hafa mætt á alla fundi.

#### **Yfirlýsing**

Lánasjóði sveitarfélaga hafa borist tvær stefnur frá lánþegum vegna ágreinings um uppreikning á erlendum lánum. Greinargerðum hefur verið skilað af hállu lánasjóðsins og vænta má dóms um a.m.k. annað málið fyrir áramót. Lánasjóðurinn hefur áður upplýst að hann efist ekki um lögmati erlendra lánasamninga sinna og þeir dómur sem fallið hafa að undanförmu hafa styrkt þá skoðun. Það er skoðun sjóðsins og lögmanna hans að það sé ekki ástæða til að breyta því mati að lán sjóðsins standist lög.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árhlutareikningur sjóðsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu 30.júní 2013 og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánaða ársins 2013.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árhlutareikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013 með undirritum sínni.

#### **Breyting á fjárhagsstöðu eftir 30. júní 2013**

Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu lánasjóðsins né hafa orðið verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum sjóðsins frá lokum síðasta fjárhagsstímabils 30. júní 2013 fram til dagsetningar viðauka þessa við grunnlýsingu LSS150224. Árhlutareikningur lánasjóðsins fyrir árið 2013 hefur verið kannaður án athugasemda eða fyrirvara og var birtur opinberlega 22. ágúst 2013.

Fjármálaeftirlitið hefur staðfest þennan viðauka við grunnlýsingu dagsettann 23. september 2013.

### **3 SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN**

Árhlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf, frá 22. ágúst 2013 er hér með felldur inn í viðauka þennan með tilvísun. Árhlutareikninginn má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á vefsíðu hans: [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is), á meðan grunnlýsing þessi er í gildi.